

Minnisblað

Viðtakandi: Fræðslunefnd Mosfellsbæjar

Efni: Minnisblað starfsmanns

Dags: 30. október 2024

Málsnúmer: 202409503/-

Sendandi: Magnea Steinunn Ingimundardóttir, Verkefnastjóri skrifstofu fræðslu- og frístundasviðs

Forsaga:

Samkvæmt [grunnskólalögum frá 2008](#) (5. og 6. grein) ber skólanefndum sveitarfélaga að fylgjast með því að öll börn á aldrinum 6 - 16 ára í sveitarfélaginu njóti skólavistar/lögbundinnar fræðslu.

Undanfarin ár hafa þessar upplýsingar legið fyrir einu sinni á ári vegna erfiðleika á aðgengi þessara gagna og tímafrekrar vinnu í tengslum við úrvinnslu þeirra. Nú í haust hefur farið fram vinna við að setja af stað ferli inn í Robot, sem kallaður er Mosi, sem sækir þessi gögn inn í nemendakerfi og í þjóðskrá, les saman og greinir og sendir til starfsmanns mánaðarlega í vetur. Með því verður hægt að fylgjast örar og betur með börnum sem eiga lögheimili í Mosfellsbæ og bregðast við ef ástæða er til. Með tilkomu Friggjar, sem er kerfi sem verið er að hanna hjá MMS (Miðstöð menntunar og skólaþjónustu) fyrir öll sveitarfélög varðandi umsóknir, mun þetta tvennt verða öflug leið til efla þetta lögbundna eftirlit.


Til upplýsinga:

Þegar verið er að skoða skólaskyldu er byrjað á því að taka út öll börn sem eru bæði á nemendalista grunnskóla Mosfellsbæjar og eiga lögheimili í Mosfellsbæ. Næsta skref er að rýna í þau börn sem eru á nemendalista en eru ekki með lögheimili í bænum og skoða þar ástæður og hvort fyrir liggi samþykki frá lögheimilis sveitarfélögum hvers barns. Næst eru skoðuð þau börn sem eiga lögheimili í Mosfellsbæ en koma ekki fram á nemendalistum. Farið er yfir hvert barn og þau merkt sem vitað er um að séu í skóla og hafa til þess viðeigandi heimild, það sem út af stendur er síðan farið í að skoða og leita uppi.


Hér eru lagðar fram upplýsingar um skólavist barna með lögheimili í Mosfellsbæ í október 2024.

Greinargerð:


Hér eru lagðar fram upplýsingar um grunnskólanemendur í Mosfellsbæ og skólavist barna með lögheimili í Mosfellsbæ í október 2024.



97,6% nemenda í grunnskólum Mosfellsbæjar eiga lögheimili í Mosfellsbæ, 2,4% koma annars staðar frá



Heildarfjöldi barna á grunnskólaaldri með lögheimili í Mosfellsbæ eru 1.898, 1.818 (95,8%) eru hér í skóla en 80 börn (4,2%) eru annars staðar.



Virðingarfyllt,
 Magnea S. Ingimundardóttir, verkefnastjóri skrifstofu fræðslu- og frístundasviðs Mosfellsbæjar